



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 135/237
komudagur 19.11.2007

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2007
Tilvísun: 200711-0037

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 35. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum misserum haft til skoðunar og umræðu málefni barna og barnafjölskyldna, m.a. í ljósi niðurstöðu sérstakrar úttektar á fátækt meðal barna. Ljóst er að staða barnafjölskyldna hefur versnað umtalsvert undanfarin ár og kemur það víða fram, m.a. í tannverndarmálum barna.

Á ársfundi ASÍ í október s.l. voru áherslur Alþýðusambands Íslands í velferðamálum samþykktar í sérstakri útgáfu sem ber heitið „Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið“. Þar kemur m.a. fram krafa ASÍ um „að tryggja öllum börnum og unglingum undir 18 ára aldri viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með því að greiða niður lyf og tannlækningar ásamt sjón- og heyrnartækjum.“ Í umræddu frumvarpi er gengið lengra og miðað við 25 ára aldursmörk sem síðan eigi að hækka í 40 ár.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki tekið á því vandamáli, að Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið einhliða „taxta“ tannlækna sem endurgreiðslur miðast við og er þessi „taxti“ í engu samræmi við þann veruleika sem foreldrar barna sem þurfa á þjónustu tannlækna að halda býr við.

Alþýðusambandið styður þann þátt þessa frumvarps sem lýtur að aukinni aðstoð við barnafjölskyldur og hefði fagnað ákvæðum um að TR endurgreiði raunverulegan kostnað barnafjölskyldna. Alþýðusambandið tekur hins vegar ekki undir það sjónarmið, að stefna eigi að því að hækka aldursmörkin í 40 ár.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 135/259
komudagur 20.11.2007.



Alþingi
fr. Þórunn María Bjarkadóttir,
nefndarritari
150 Reykjavík

HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@htr.stjr.is
www.heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 16. nóvember 2007
Tilv.: HTR07110140/00.04.05

Vísað er til bréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2007, þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, 35. mál.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun tjá sig um frumvarpið í umræðum á Alþingi ef þurfa þykir.

Fyrir hönd ráðherra


Berglind Ásgeirsdóttir


Vilborg Þ. Hauksdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/813
komudagur 5.12.2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.12.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
JHÁ


Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um aukna greiðsluþátttöku í almennum tannlækningakostnaði.


Lýðheilsustöð fagnar frumvarpi til laga um aukna greiðsluþátttöku almannatrygginga í almennum tannlækningakostnaði barna og ungs fólks að 25 ára aldri, auk tannréttinga.

Tekið er undir þau sjónarmið að tímabært sé að leita leiða til að draga úr því ósamræmi sem nú ríkir varðandi greiðsluþátttöku einstaklinga í tannlækniskostnaði annars vegar og öðrum lækniskostnaði hins vegar. Mikilvægt er að finna tannheilbrigðisþjónustu stað innan ramma heilðrænnar heilbrigðisþjónustu hér á landi og fylgja t.d. fordæmi hinna Norðurlandanna í tannheilbrigðismálum. Í ljósi niðurstaðna MUNNÍS rannsókna liggur fyrir að íslensk börn/ungmenn eru að meðaltali með tvöflalt fleiri skemmdar/fylltar tennur en samanburðarhópar í Svíþjóð og staðan er verri hér en á hinum Norðurlöndunum: <http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/tannvernd/nr/1986>

Lýðheilsustöð fagnar frumvarpi til laga um aukna greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði hjá öldruðum og öryrkjum. Nauðsynlegt er að bregðast við tannheilsuvanda sérhópa með sérstakri áherlsu á bætt aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og sértækri umönnun á sviði tannverndar innan veggja heimila og hjúkrunarstofnana.

Viðingarfyllst,


Þórólfur Þórlindsson
forstjóri


Hólmfríður Guðmundsdóttir
tannlæknir



Alþingi
Erindi nr. P 135/661
komudagur 3. 12. 2007

135. löggjafarþing 2007–2008.
Pskj. 35 — 35. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Orðin „aðra en tannréttingar“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar greiða tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja og þeirra sem eru yngri en 25 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. janúar 2009 hækka aldursmörk skv. 2. mgr. 42. gr. laganna í 28 ár og síðan um þrjú ár hver áramót þar til þau hafa náð 40 árum.

UMSÖGN TFÍ

Tannlæknafélag Íslands fagnar áhuga alþingismanna á tannheilsu og almannatryggingum.

Samkvæmt frumvarpi að fjárlögum 2008 hækka framlög hins opinbera til tannlækninga aðeins um 43 milljónir króna sem nægir ekki til að vega á móti verðlagshækkunum, hvað þá til að mæta auknum fjölda þeirra sem eiga lögbundinn rétt til styrkveitinga vegna tannlækninga. Síðast en ekki síst er í frumvarpi til fjárlaga, ekkert tillit tekið til þess að nýgerður samningur TFÍ og heilbrigðisráðuneytisins mun kosta 50 - 70 milljónir á samningstímanum.

Stjórn Tannlæknafélagsins hefur ályktað um þessi mál og hvetur þá, sem bera hag barna og ungmenna, aldraðra og öryrkja og annarra tryggingaþega, fyrir brjósti, að minna stjórnámálamenn á yfirlýsingar og loforð gefin fyrir kosningar s.l. vor.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar felur í sér að samningar verða að vera í gildi milli tannækna og ráðuneytis heilbrigðismála um bindandi gjaldskrá vegna tryggingaþega um greiðslu vegna þjónustu tannlækna.

Tannlæknafélag Íslands hefur svo sannarlega ekkert við það að athuga að sjúkratryggingar nái yfir lækningar í munnholi eins og lækninga annarra hluta líkamans og er tilbúið til viðræðna um framkvæmd frumvarpsins og samninga um slíkrar tryggingar.

Tannlæknafélag Íslands minnir á að félagið gekk til samninga við heilbrigðisráðuneytið með það í huga að í þeim samningi væri aðeins um að ræða fyrsta skref til bættrar tannheilsu þjóðarinnar, eða réttara sagt til að endurheimta fyrri stöðu og bæta þá stöðu, ef þess væri kostur. Kostnaður við samninginn er áætlaður 50- 70 milljónir króna. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga eru engin teikn á lofti um að bætur sjúkratrygginga vegna tannlækninga haldi í við verðbólgu hvað þá að um auknar greiðslur verði að ræða. Í nýlegri skýrslu OECD um tannheilsu tólf ára barna kemur fram að meðaltantal ríkja innan OECD sé 1,6 en á Íslandi er sambærilegt gildi 2,1 (tantala: fjöldi skemmdra, tapaðra og viðgerðra fullorðinstanna).

Tannlæknafélagið telur að frumvarpið sé byggt á framsýni um tannheilsu og heilbrigði og feli í sér bót á framkvæmd tannlæknahluta sjúkratrygginga. Félagið getur ekki tjáð sig um kostnað vegna frumvarpsins þar sem upplýsingar skortir um tannheilsu þeirra aldurshópa sem frumvarpið nær til. Endurgreiðslur sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar tryggingaþega nema nú rétt 30-40 % af læknistaknaði að meðaltali.

Fh stjórnar TFÍ
Sigurjón Benediktsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 135/728
komudagur 4.12.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2007


RJ/SLB/018/07

Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um þingskjal 35, 35. mál, á 135. löggjafarþingi 2007-2008, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér að þátttaka sjúkratrygginga í kostnaði landsmana vegna tannlækninga muni með tímanum verða hagað á sama hátt og nú gildir um aðra heilbrigðisþjónustu.

Tryggingastofnun styður þær hugmyndir sem í frumvarpinu felast. Stofnunin hefur enda áður bent á, m.a. í umsögn, dags. 16.02.2007, um 54. mál á 133. þingi, að huga beri að því að sömu reglur gildi um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og nú gilda um sjúkrahjálp við aðra hluta mannlíkamans.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
starfandi forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

